



## Stjórnarfundur 9. Janúar 2023 kl.17:00

Mættir: Anna Eyjólfsdóttir, Hlynur Helgason, Pétur Thomsen, Elísabet Stefánsdóttir, Freyja Eilíf

Fundarefni sem voru rædd:

- Ákveðið að auglýsa um miðjan janúar eftir starfsmanni á skrifstofu SÍM í 50% starf eða frá 12-16 alla virka daga. Óskandi er að viðkomandi hafi þekkingu á myndlistarheiminum og því verður byrjað á að auglýsa stöðuna hjá félagsmönnum SÍM, að það sé mikill áhugi er til staðar að vinna fyrir félagið. Samþykkt.
- Rætt var um þátttöku okkar á Barnamenningarhátíð en stjórn ákvað að það væri ekki að henta í þetta skipti. Samþykkt.
- Tillaga frá Pétri um að við auglýsum eftir aðila til að taka að sér og halda viðburð/námskeið/sýningu fyrir Grafarvogsbúa (grunnskólanemendur, framhaldsskólanemendur eða félag eldri borgara) en það styrkir stöðu og veru félagsins á Korpúlfsstöðum ef íbúarnir fá tækifæri til að koma til okkar. Viðkomandi gæti því fengið styrk frá SÍM til starfsins eða allt að 150þ. Samþykkt.
- Hlynur ræddi að fréttabréfið verður alltaf gefið út á fimmtudögum og verður innsent efni að berast fyrir hádegi þann daginn. (þetta verður auglýst í næsta fréttablaði). Samþykkt.
- Anna minnti á að tilkynna í fréttablaðinu, jarðarför Gunnars Árnasonar sem verður 16.janúar.samþykkt.
- Rætt var að setja fundargerðirnar á innri vef heimasíðunnar (log-in fyrir félagsmenn) samþykkt.
- Félagsskírteini eru í vinnslu og verða tilbúin 1.febrúar 2023 og gilda til 1.feb.2024 (rafræn)
- Beta kom með tillögu að fögnuð félagsmanna á síðasta vetrardag í húsnæði félagsins á Korpúlfsstöðum, samþykkt að skemmtinefndin byrji undirbúning.
- Ákveðið var að festa stjórnarfund 1.mánudag í mánuði kl.17- þetta verða rafrænir fundir (með undartekningum ef til þarf).

Fundi slitið 17:30

Fundarritari: Elísabet Stefánsdóttir